

LÖG

um breytingu á lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 44. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar og einn samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar Íslands og skulu þeir uppfylla almenn hæfisskilyrði héraðsdómara.
- b. 5. másl. 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. maí 2011.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Jón Bjarnason.